# Leiðsögn, félagsfundur

**6.12 2023**

**Staðsetning: Stórhöfði 26**

**Kl: 19:30.**

**Fundur settur : kl 19:34**

**Dagskrá:**

1. **Málefni félagsins - skv. undirskriftalista hljóðar svo:**
2. **Boðun auka-aðalfundar.**
3. **Önnur mál.**

**Þetta gerðist:**

- **Formaður setur fundinn.**
  - **Boðað til fundar að beiðni félagsmanna. 31 félagsmenn óskuðu eftir fundi.**

- **Formaður félags kynnti starfsmenn fundarins og bar þá undir fundinn,**

- **Fundarstjóri og ritari samþykktir af fundinum með lófaklappi.**
    - **Láru V Júlíusdóttir sem fundarstjóra.**
    - **Sigfús Ómar Höskuldsson sem fundarritara.**
    - **Skráningalisti fundarmanna skráður á staðnum.**

- **Fundarstjóri fór yfir forsendur fundarins.**
  - **Gerðar voru athugasemdir við boðun fundarins, lögmæti kannað.**
  - **Fundurinn samþykktur af fundarmönnum**
    - **Gerðar athugasemdir að þeir sem eru í fjarfundi hafi ekki getað kosið um lögmæti fundar.**
  - **Fundarstjóri spyr um þann fjölda sem eru á fjarfundi, fjöldinn er 39 þegar fundur er settur.**
  - **Spurt um þá sem eru fjar, hvort þeir samþykki fundinn sem löglegan, þrátt fyrir mögulega annmarka á boðun fundarins.**
    - **Enginn gerir athugasemd, hvorki á fundinum og eða í fjar.**

  - **Fundur telst samþykktur, óháð hvort boðun hafi farið rétt fram eður ei.**

- **Fundarstjóri gengur því til dagskrá , óskaði eftir því við fundarmenn að koma sér á mælendaskrá.**

**1 Málefni félags, skv undirskriftalista**

- a. **Formaður félagsins fær orðið, kynnti forsendur fundarsins út frá þeim málefnum sem lögð voru til grundvallar félagsfundar.**
- b. **Umræða, samkvæmt mælendaskrá**
  - i. **Snorri Steinn. Óskar eftir að fá að vísa til bókunar sem send verður á meðan fundi stendur. Ræða Snorra verður lagt fram sem fundargagn.**
  - ii. **Leifur Björnsson.**
  - iii. **Harpa Björnsdóttir.**
    - **Kynnti undirritaða bókun af 17 félagsmönnum (sjá fundargagn frá fundi)**
    - **Bókunin er sem hér segir:**
      - a. ***Undirrituð fordæma uppsögn starfsmanns Leiðsagnar, allan aðdraganda og alla framkvæmd hennar".***
  - iv. **Vilborg Anna Björnsdóttir**
  - v. **Hallfríður Þórarinsdóttir/Jóhanna Magnúsdóttir**

**Jóhanna ber upp tillögur:**

***#1 Félagsfundur Leiðsagnar haldinn 6.desember 2023 samþykkir að lýsa yfir eindregnum stuðningi við fram komna kröfu meirihluta kjörinna stjórnarmanna Leiðsagnar í stjórn og varastjórn um tafarlausa afsögn formanns. Félagið getur ekki tekist á við þau brýnu verkefni sem framundan eru í starfi félagsins með núverandi formann í forsvari. Félagsfundur áréttar að formaður verður að segja af sér nú þegar eigi vinnufriður að nást í félaginu.***

***#2 Félagsfundur Leiðsagnar haldinn 6.desember 2023 samþykkir að krefjast þess að stjórn Leiðsagnar boði til aukaaðalfundar (sem samþykkt var á aðalfundi vorið 2023 að halda í 3.viku september 2023).***

***Fundurinn verði boðaður með tilskildum fyrirvara og dagsettur eigi síðar en 15. Janúar 2024. Þar verði jafnframt teknar til afgreiðslu lagabreytingatillögur og önnur þau málefni sem ólokin eru frá síðasta aðalfundi vor 2023. Félagsfundur áréttar að markmið þess fundar verði að vera að koma á vinnufriði í félaginu.***

**Skráðir flutingsmenn tillögunar eru : Halldór Kolbeins, Snorri Steinn Sigurðsson, Hallfríður Þórarinsdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Sigurður Albert Ármannsson.**

- vi. **Guðný Margrét Emilsdóttir.**
- vii. **Fundarstjóri kvaddi sér hljóðs og ræddi fundarhaldið, kynnti skyldur formans og skýrði hlutverk sem framkvæmdastjóra samhliða formanns embætti félags.**
- viii. **Óskar Kristjánsson.**
- ix. **Indriði Þorláksson.**
- x. **Lovísa Birgisdóttir.**
- xi. **Hallfríður Þórarinsdóttir**
- xii. **Fundarstjóri , skýrði út lög, eftir beiðni síðasta ræðumanns.**
- xiii. **Guðný Margrét Emilsdóttir.**
- xiv. **Sigríður Guðmundsdóttir.**
- xv. **Harpa Björnsdóttir.**
- xvi. **Jóna Fanney Friðriksdóttir.**
- xvii. **Sigrún Pálsdóttir (er á fjarfundi).**
- xviii. **Sigurður Albert Ármannsson.**
  - **Ber upp tillögu um að þær tvær tillögur verði bornar upp til atkvæða.**

**Fundarstjóri ber upp tillögur sem komið hafa fram . Ber upp tillögu #1.**

- **21 fundarmenn í sal sögðu ja. 13 á fjarfundi sögðu já.**
- **9 fundarmenn sögðu nei, 5 á fjarfundi sögðu nei.**

**Fundarstjóri ber upp tillögur sem komið hafa fram . Ber upp tillögu #2.**

- **24 fundarmenn í sal sögðu já, 18 á fjarfundi.**
- **Fundarstjóri ákveður ekki sé þörf að kanna þá skoðun sem eru á móti.**

**Báðar tillögur samþykktar.**

**Fundarstjóri fór yfir lögmæti tillagna og þýðingu þeirra.**

**Mælendaskrá tæmd í þessum lið.**

**2 Boðun auka-aðalfundar.**

a. **Umræða.**

**Þessir tók til máls undir þessum lið.**

- i. **Jóna Fanney Friðriksdóttir.**
- ii. **Indriði Þorláksson**
- iii. **Harpa Björnsdóttir**

**3 Önnur mál**

**a. Umræða**

**i. Harpa Björnsdóttir**

**ii. Fundarstjóri fór í ræðustól og skýrði frá að frekari mál verði ekki tekin upp undir liðnum önnur mál. Stjórn félagsins tekur málefni frá fundi til sinnar umræðu.**

**Fundi slitið 22:22.**

Ágreiningur í stjórn Leiðsagnar

Félagslega kjörnir fulltrúar í stjórn félags bera allir ábyrgð á ákvörðunum og stjórnarháttum í félagi. Í núverandi stjórn Leiðsagnar stéttarfélags hafa mál skipast þannig að meirihluti kjörinna fulltrúa stjórnar hefur krafist afsagnar formanns félagsins – (sjá fundargerð frá 30.október s.l.). Þar á undan hafa tveir sagt af sér stjórnarsetu frá því að núverandi formaður var kjörinn.

Það að krefjast afsagnar formanns er alvarleg aðgerð og gerð að vandlega íhuguðu máli. Þeir valkostir sem við stóðum frammi fyrir voru

1. - Þegja, vera meðvirk í ósæmandi stjórnarháttum og þar með meðsek – eyðileggja mannorð okkar

2. - segja af sér og hætta strax

3. - krefjast afsagnar formanns vegna ótækra stjórnarhátta.

Niðurstaða okkar sem lögðum fram kröfu um afsögn formanns var sú að það væri nauðsynlegt til að félagsmenn fengju rétta mynd af því sem verið hefur í gangi innan félagsins frá síðasta aðalfundi vorið 2023. Með því vildum við vekja athygli félagsmanna á því hvernig formaður, í skjóli minnihluta kjörinna aðal- og varamanna í stjórn vasast með félagið eins og sitt einkafyrirtæki.

Öll umræða um félagið hjá formanni er: „Ég ætla eða ég hef ákveðið“

Á fyrsta fundi núverandi stjórnar s.l. vor, er bókað eftir formanni: Formaður leggur fram tillögu um að verkaskipting innan stjórnar verði endurskoðuð eftir aukaaðalfund í september n.k.“ Sagðist formaður bera fullt traust til allra stjórnarmanna en lagði þunga áherslu á að sú togstreita sem ríkt hafi innan fyrri stjórnar tilheyri nú fortíðinni. „Afar mikilvægt væri að stjórn starfaði saman sem ein heild og að með nýrri stjórn væri nú nýtt upphaf hafið innan félagsins“

Í umræðu um endurskoðun laga félagsins sem fara átti fram á aukaaðalfundi í þriðju viku september þá hætti hún ekki fyrr en henni hafði einni verið falið að sjá um yfirferð og endurskoðun laganna. Þetta hefði átt að kveikja varúðarljós

Eftir fyrsta fund nýrrar stjórnar, (dagsetning:            ) er liður 2 í fundargerð ekki í samræmi við samþykkt fundar.

Málið snýst um meint samskiptavandamál, og samþykkt um það gekk út á að ræða við tiltekna sex aðila sem málið varðaði til að fá fram sjónarmið allra um málið.

Formaður ákvað einhliða hver skyldi ráðinn sem ráðgjafi í málinu og ákvað jafnframt að nóg væri að ræða við þrjá einstaklinga – þ.e. helming þess sem upphafleg samþykkt gekk út á (og fór því þar upp á móti meirihluta ákvörðun stjórnar).

Fjórum sinnum á jafnmörgum fundum hefur verið farið fram á að það verði lagfært en allt slík beiðni fullkomlega hundsuð. Í tvígang hefur ritari sagt í angist orðrétt „Skiptir þetta svona miklu máli“. Með þeirri athugasemd viðurkennir ritari í raun að ranghermt er í útgefinni fundargerð, en í skilyrðislausri undirgefni við vilja formanns vill ritari ekki taka undir beiðnir um að færa bókun til réttrar framsetningar.

Í aðdraganda stjórnarfundar 30. október s.l. var svo komið að meirihluti kjörinna aðal- og varamanna í stjórn sáu að ekki væri von til að stjórnarhættir formanns myndu breytast til batnaðar.

Krafan um meðvirkni og undirgefni af hálfu formanns var slík að til að rísa undir sinni ábyrgð sem stjórnarmenn væri ekki önnur leið fær en sú að krefjast afsagnar formanns þá og þegar. Sú bókun var lögð fram á fundi 30. október 2023 og birtist með fundargerð á vef Leiðsagnar í framhaldinu.

Í félagi þar sem forysta virðir lýðræðið myndi fyrsta verk formanns vera að boða til aukaaðalfundar og leggja málið í dóm félagsmanna – sækja þá til þeirra styrk til áframhaldandi setu eða þá að segja af sér.

Formaður Leiðsagnar gerði hvorugt. Formaður situr eins og ekkert hafi í skorist og höndlar með málefni þess eins og öðrum komi ekki við hvað þar er gert.

Forysta félags sækir umboð sitt til félagsmanna og ef það umboð skerðist þá ber þeim tafarlaust að endurnýja umboð sitt með aukaaðalfundi eða sambærilegum hætti. Núverandi formaður virðist ekki hafa þá sómakennd eða félagsþroska að fylgja þeirri óskráðu félagslegu venju heldur situr hún sem fastast – í skjóli óskýrra lagagreina en í óþökk allra sem þekkja til aðstæðna innan stjórnar Leiðsagnar nú. Í ljósi ofangreindra aðstæðna eru eftirfarandi tillögur lagðar fram:

Tillaga 1.

Félagsfundur Leiðsagnar haldinn 6.desember 2023 samþykkir að lýsa yfir eindregnum stuðningi við fram komna kröfu meirihluta kjörinna stjórnarmanna Leiðsagnar í stjórn og varastjórn um tafarlausa afsögn formanns. Félagið getur ekki tekist á við þau brýnu verkefni sem framundan eru í starfi félagsins með núverandi formann í forsvari. Félagsfundur áréttar að formaður verður að segja af sér nú þegar eigi vinnufriður að nást í félaginu.

Flutningsmenn tillögu

Halldór Kolbeins<br>
Snorri Steinn Sigurðsson<br>
Hallfríður Þórarinsdóttir<br>
Jóhanna Magnúsdóttir

Sigurður Albert Ármannson

Tillaga 2.

Félagsfundur Leiðsagnar haldinn 6.desember 2023 samþykkir að krefjast þess að stjórn Leiðsagnar boði til aukaaðalfundar (sem samþykkt var á aðalfundi vorið 2023 að halda í 3.viku september 2023).

Fundurinn verði boðaður með tilskildum fyrirvara og dagsettur eigi síðar en 15. Janúar 2024. Þar verði jafnframt teknar til afgreiðslu lagabreytingatillögur og önnur þau málefni sem ólokin eru frá síðasta aðalfundi vor 2023. Félagsfundur áréttar að markmið þess fundar verði að vera að koma á vinnufriði í félaginu.

Flutningsmenn tillögu:

Halldór Kolbeins
Snorri Steinn Sigurðsson
Hallfríður Þórarinsdóttir
Jóhanna Magnúsdóttir
Sigurður Albert Ármannson

Bókun á félagsfundi Leiðsagnar 06.12.2023

Starfsmannamál og fjárhagsstaða félagsins:

Við ákvörðun stjórnar á fundi 11. sept. sl. um að segja starfsmanni upp, skv. tillögu formanns, og bjóða honum endurráðningu í lægra starfshlutfalli var stuðst við munnlegt 6 mánaða uppgjör (frá janúar til júníloka). Svo gamalt uppgjör sýnir ekki eðlilega mynd af tekjum félagsins, enda koma þær mest inn á sumrin.

Verkefni skrifstofu og framkvæmd þeirra voru sannarlega rædd á stjórnarfundum en þau voru ekki ástæða uppsagnar skv. tillögu formanns. Uppsögnin var tekin á forsendum slæmrar fjárhagsstöðu félagsins samkvæmt fullyrðingum formanns um að félagið hefði einfaldlega ekki efni á starfsmanni í fullt starf.

Í októberbyrjun óskaði ég eftir því að gjaldkeri sýndi stjórn 9 mánaða fjárhagsstöðu félagsins (til loka september) og að hún yrði rædd á næsta stjórnarfundi. Gjaldkeri varð ekki við beiðni varaformanns um að stjórn fengi að sjá uppfærða fjárhagsstöðu félagsins þótt svo afdrifarík ákvörðun um starfsmannamál hefði verið tekin á þeim forsendum en gjaldkeri sagði óraunhæft að gefa upp fjárhagsstöðuna á þeim tímapunkti. Því er ekki hægt að útiloka að hér hafi verið tekin ákvörðun um uppsögn starfsmanns á röngum forsendum.

Eftir fundinn þegar uppsögn starfsmanns hafði verið ákveðin fékk ég hins vegar munnlegar upplýsingar, bæði frá starfsmanni og bókara, að fjárhagsstaða félagsins hafi sjaldan verið eins góð. Það vekur óneitanlega upp spurningar um hvort formaður hafi ekki tjáð stjórn raunverulegar ástæður fyrir uppsögninni og notað „fjárhagserfiðleika“ og villandi upplýsingar sem verkfæri til að fá stjórn til að samþykkja þessa ákvörðun. Ég bíð a.m.k. enn eftir 9 mánaða uppgjöri.

Viðgengst siðleysi innan stjórnar í dag?

Í aðdraganda aðalfundar í vor, þegar núverandi formaður háði í raun „kosningabaráttu“ (sem aðrir frambjóðendur til formanns og stjórnar lögðust ekki í, enda hefur það ekki verið vaninn í félaginu) lagði frambjóðandinn og núverandi formaður mikið upp úr því að lögum félagsins og góðum stjórnarháttum yrði fylgt í hvívetna og að „samtalið“ yrði „tekið“ með

félagsmönnum. Síðan núverandi formaður tók við embætti hafa slíkir stjórnarhættir einmitt orðið undir. Sem dæmi má nefna að aukaaðalfundur um lagabreytingar, sem átti að halda í þriðju viku september samkvæmt tillögu formanns sjálfs á aðalfundinum, hefur ekki enn verið haldinn þrátt fyrir ítrekanir stjórnar og stjórnarsamþykktir þar um (sjá fundargerð 11.09.2023). Þetta er sérstaklega bagalegt fyrir félagsmenn vegna nýrrar reglugerðar Sjúkrasjóðs. Stjórn Sjúkrasjóðs lagði fram tillögu um breytingu á reglugerðinni í vor, sem var ýtt út af borðinu rétt eins og öðrum lagabreytingartillögum. Þessi mál átti að afgreiða á umræddum aukaaðalfundi í september en breytingin á reglugerð Sjúkrasjóðs hefði verið ein mesta kjarabót fyrir leiðsögumenn í langan tíma.

Í dag er orðið of seint að boða til aukaaðalfundar á árinu 2023, þar sem lög félagsins kveða á um mánaðar fyrirvara um hvenær tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist.

Á stjórnarfundi í lok október var lögð fram tillaga í formi bókunar um vantraust á formann. Við afgreiðslu tillögunnar ákvað formaður að víkja **ekki** af fundi heldur sat hún fundinn og greiddi sjálf atkvæði gegn tillögunni. Þetta er að mínu mati siðlaust þar eð formaður gerðist þarna dómari í eigin máli. Það er sérstaklega undarlegt þar sem hún hefur lagt mikla áherslu í öðrum málum á að þeir sem eiga hlut að máli (eða aðrir tengdir þeim) víki af fundi meðan fjallað er um slík mál. Það sama á við þegar ritari lagði fram tillögu um að hækka starfshlutfall formanns til að vinna á skrifstofu félagsins á meðan nýr starfsmaður væri fundinn, en þá **vék formaður ekki** af fundi heldur greiddi atkvæði með því að hækka eigið starfshlutfall. Ég tel þetta ekki vera góða starfshætti þar sem ein veigamesta skylda stjórnar er að hafa eftirlit með þeim sem annast daglegan rekstur félagsins. Formaður er þarna komin í það hlutverk að hafa eftirlit með eigin störfum á skrifstofu.

Sérkennilegar framkvæmdir viðgangast líka innan félagsins. Formaður hefur tekið að sér nánast öll verkefni og deilir litlu sem engu með stjórnarmönnum. Þetta lýsir sér fyrst og fremst í því að formaður virðist ekki treysta öllum stjórnarmeðlimum eða telur þá ekki geta unnið fyrir félagið, jafnvel ekki stjórnarmönnum sem eru búnir að sitja um einhver ár í stjórn og hafa kynnt sér ítarlega mál félagsins. Þetta hefur verið svona síðan í vor. Í aðdraganda aðalfundar sl. vor skrifaði einn félagsmaður innlegg á fésbókina sem bar titilinn „Að vera allt í öllu" þar sem rík áhersla var lögð á að óeðlilegt væri að formaður og stjórnarmenn sætu í „öllum" nefndum og ráðum; betra væri að dreifa og

deila verkefnum. Í dag er núverandi formaður hins vegar í næstum öllum nefndum og ráðum og hefur tekið að sér nánast öll verkefni (sem eru alltof tímafrek fyrir einn einstakling) og kemst þar af leiðandi alls ekki í gegnum allt sem þarf að gera fyrir félagið. Þar að auki er formaður orðin tímabundinn skrifstofustarfsmaður félagsins ofan á öll önnur verkefni sem hún hefur tekið að sér.

Það skiptir öllu máli að það sem ákveðið er á stjórnarfundum og aðalfundi sé virt og framkvæmt. Það hefur hins vegar ekki verið raunin í tíð núverandi stjórnar. Það er formanns að deila verkum og stýra stjórn og þiggja ráð ef þörf er á. Í stað þess hefur formaður ekki viljað þiggja þær ráðleggingar sem henni hafa staðið til boða og gert alla stjórnarmenn samseka í því að vanvirða ákvarðanir aðalfundar og félagsmanna og í raun gert eigin stjórn vanhæfa til að starfa áfram fyrir félagsmenn. Þessu get ég ekki setið undir án þess að félagsmenn viti hvernig komið er fyrir félaginu og forystu þess.

Ásökunum formanns á fyrrverandi stjórn um aðgerðaleysi/sinnuleysi varðandi kjarabrotamál vísa ég alfarið á bug:

Þegar fyrrverandi stjórn tók við kjarabrotamálum (haustið 2021) var nákvæmlega ekkert skipulag eða fast verklag innan félagsins til að takast á við þau mál og voru þau því augljóslega ekki í góðum farvegi hjá fyrrum kjaranefnd sem átti að sjá um þau. Kjarabrotamál voru inni á persónulegum netföngum þeirra sem sáu um þau og skjalavarsla var í talsverðri óreiðu. Þessi mál eru krefjandi og tímafrek verkefni, sérstaklega í ljósi þess hve götóttur og gallaður kjarasamningur leiðsögumanna er.

Fyrrverandi stjórn kom upp verkferlum um hvernig þessi mál væru unnin, hvernig skjöl skyldu varðveitt og að öll gögn um slík brotamál skyldu fara í gegnum sérstakt netfang til þess að stjórnarmenn/starfsmenn félagsins gætu í framtíðinni tekið upp þráðinn. Verkferlum á skrifstofu Leiðsagnar var komið á laggirnar til að safna gögnum um hvert og eitt mál, reikna út greidd laun vs. kjarasamninga og halda utan um þau.

Lögfræðingur, sem FFÍ og ASÍ mæltu með, var fenginn til að sinna lagalegri hlið mála sem stjórn var búin að útbúa upp í hendurnar á honum. Þessi lögfræðingur stóð sig hins vegar alls ekki og dró málin á langinn. Þrátt fyrir ítrekaðar áminningar og fyrirspurnir bárust engin svör eða niðurstöður frá honum. Ekki er hægt að vísa þeirri ábyrgð á fyrrum stjórn eða tala um „vítavert

aðgerðaleysi". Þvert á móti gerði fyrri stjórn gangskör að breyttu og betra verklagi.

Núverandi formaður hefur nýtt sér þá verkferla og reikningsformúlur sem fyrrum stjórn setti á laggirnar og bætt umtalsvert. Það er enginn að neita því að núverandi formaður hefur fundið annan og vonandi betri og framkvæmdasamari lögfræðing í þessi mál og ýtt þeim áfram á þann stað sem þau eiga að fara á, enda hefur hún fengið fullan og óskoraðan stuðning stjórnarmanna til þess. Slík mál eru enda grundvallarstoð þess að Leiðsögn geti starfað sem stéttarfélag. Þetta eru tímafrek og oft flókin og viðkvæm mál, sem sést best á því að síðan ný stjórn tók við í vor hefur ekki eitt einasta kjarabrotamál verið afgreitt né klárað, þótt þeim miði áfram.

Sorglegt er að málin hafi þróast þannig að innan stjórnar er farið að tala um „minnihluta" og „meirihluta" í stað þess að vinna saman að málum og þiggja góð ráð og reynslu, hvaðan sem þau koma, og að félagið skuli ekki geta búið við þá samfellu sem þyrfti að ríkja í stað þess að endalaust þurfi að byrja upp á nýtt frá núlli vegna (persónulegra ?) væringa milli fólks.

Snorri Steinn Sigurðsson, varaformaður Leiðsagnar.

Félagsfundur Leiðsagnar 6. desember 2023

„Undirrituð fordæma uppsögn starfmanns Leiðsagnar, allan aðdraganda og alla framkvæmd hennar. “

Hanna Björnsdóttir

Halldór Kolbeins

Hallfríður Þórarinsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Ólöf [illegible] Björnsdóttir

Kári Jónasson

Bryndís Kristjánsdóttir

Ása Björk Svanadóttir

[illegible]

Örvar Már Kristinsson

Kristín Waage

Leifur Björnsson

[illegible]

Snorri Steinn Sigurðsson

[illegible]

Ingibjörg Jósefsdóttir

Sig. Albert Sigmundsson

Lögmenn
Laugavegi 3

| | |
|---|---|
| Vilborg Anna Björnsdóttir | vilborg.anna.bjornsdottir@simnet.is |
| Kári Jónasson | karijonasson10@gmail.com |
| Bryndís Kristjánsdóttir | bryndis@lifsmynd.is |
| Ása Björk Snorradóttir | asabjorks@simnet.is |
| [illegible] | mchinsty@tomcat.is |
| Örvar Már Kristinsson | orvarmar@simnet.is |
| Áslaug J. Marinósd. | aslaugm@hi.is |
| Snorri Steinn Sigurðsson | snorrisigurdsson@gmail.com |
| Jakob S. Jónsson | jakob.jonsson@gmail.com |
| Louisa Birgisdóttir | |
| Elmar Jónasson | |
| SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR | siggamex@gmail.com |
| Kristín Sörladóttir | KRISTINSORLA@SIMNET.IS |
| [illegible] | |
| Hermann Valsson | hermann.valsson@gmail.com |
| [illegible] Ólafsson | |
| [illegible] | MANDA@SIMNET.IS |
| Guðný M. Emilsdóttir | gudny.margret.emils@gmail.com |
| Jóna F. Friðriksdóttir | jona.fridriksdottir@gmail.com |

Lögmenn Laugavegi 3

Fundur í Stúdíósögu
Félagi leiðsögumanna

6/12'23

| Nafn: | Netfang: |
| --- | --- |
| HARPA BJÖRNSDÓTTIR | harpo@islandia.is |
| Sólveig Lind Ásgeirsd. | |
| Ingimar Skúli Sævarsson | skuli.theguide@gmail.com |
| Jóhanna Magnúsdóttir | jod.emm@@gmail.com |
| Hallfríður Þórarinsdóttir | frida@mirra.is |
| Halldór Kolbeins | halldor@halldor.is |
| [illegible] | OSKAR@LOCALICELAND.COM |
| Harpa Haukdal | HARPA@TRENDTRAVEL.IS |
| Bára Kr. Pétursd. | |
| Birna Imsland | birna@tulkun.is |
| Sig. Albert Ármannsson | sigalbert04@gmail.com |
| Karl Jóhannes | kalli@mmedia.is |
| Þór Binó | bino@bbgo.is |
| Ingibjörg Jósefsdóttir | ingaval@hotmail.com |
| Auður Herdís Sigurðardóttir | AUSINN@gmail.com |
| Ellert H. Sigurðsson | ellertsigurdsson@simnet.is |
| EINAR ÞORSTEINSSON | einar@hlekkur.is |
| Ólöf Bjarnadóttir | olofbj@gmail.com |
| Sigrún R. Ragnars. | sigrunr.guide@gmail.com |
| Steinunn Ákadóttir | steinunnf50@gmail.com |
| Jónas Garðar Erlingsson | jrauður@gmail.com |
| Gunnlaugur R. Ólafsson | gunnlaugurra@gmail.com |
| Andy Boonstoppel | andytiroler@hotmail.com |

Dóra M. (Co-host, me)

Fundurinn (Host)

Bergljot Jonsdottir


Addý-Asgerdur Einarsdottir


Anna Sigríður Arnardóttir

Asgeir

Ásis iPhone

Bergur Álfþórsson

Bettina

Birgir Þórisson

Birta Sveinbjörnsdóttir

Bjarki Valur Bjarnason

Bjarni

Júlíus Freyr Theodórsson


Kerstin Geiger

Kristín Hildur Sætran


LÓA Language School

Marta B Helgadóttir

Notandi

Olafur Tryggvi's iPhone

R Richard

R Robert

SI Sigridur’s iPad

S sigrunpalsdottir

S Sissa

SA Soffía Alice Sigurðardóttir

SJ Sólrún Jónsdóttir’s iPhone

SA Stefán Andrésson

SE Svanbjorg Einarsdóttir

TI Thormar's iPhone (2)

VÁ Valva Árnadóttir

Þ Þóra Bríet Pétursdóttir

 Jónas Erlingsson